

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, breytt vatnsvernd og þéttbýlismörk á Rifi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Afmörkun vatnsverndarsvæðis og skilgreining vatnsverndar í Skarðshrauni breytist þannig að í stað þess að skilgreina svæðið sem fjarsvæði vatnsverndar eru skilgreind þrjú ný brunnsvæði auk grannsvæðis og fjarsvæðis.
- Þéttbýlisafmörkun Rifs stækkar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 26. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006